

Alþingi  
Nefndasvið  
b.t. velferðarnefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á [nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)

Reykjavík, 7. apríl 2021.

**Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu. 151. Löggjafarþing 2020/2021. Þingskjal 820 – 489. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu. Félagið fagnar tillögunni og styður hana heilshugar. Að mati félagsins mun frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem nú er til umfjöllunar þingsins, 354. mál og þingsályktunartillaga um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 113. mál styðja við tillöguna. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur ítrekað bent á mikilvægi faglegs stuðnings á öllum skólastigum sem byggir á heildarnálgun, videigandi farvegi og félagsráðgjöf í skólastarfi. Með því að efla skólastarfið í þágu barna og fjölskyldna með þverfaglegri þjónustu verður jafnframt hægt að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu.

Fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að lausn á vanda íslenskra drengja í skólakerfinu sé ekki einföld og mikilvægi samráðs áréttað. Þá er bent á að drengir virðist ekki jafn vel undirbúnir og stúlkur fyrir hefðbundið framhaldsskólanám að loknum grunnskóla. Einnig er vikið að því að verri líðan stúlkna sé sérstakt áhyggjuefni sem taka verði til skoðunar.

Litið er á skólann sem undirstöðu velsældar einstaklings og samfélags en samhliða nýrri og breyttri skólastefnu um skóla án aðgreiningar hefur félagsmótunarhlutverk skóla aukist og vikkað. Kjarnahlutverk kennara er að styrkja námsþroska og uppeldi skólabarnsins en vaxandi hlutfall greininga vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda hefur áhrif á starf kennarans og líðan skólabarnsins<sup>1</sup> auk nýrra áskorana vegna vaxandi fjölbreytileika í nemendahópnum og þörf á sérþekkingu í málefni innflytjenda og flóttabarna. Í lögum um grunnskóla nr. 21/1977 og ráðgjafar- og sérfræðiþjónustu grunnskóla nr. 21/1980 voru ákvæði um að ráða félagsráðgjafa auk annarra fagstétta. Vegna skorts á félagsráðgjöfum voru aðrir smám saman ráðnir í störf<sup>2</sup> en námsráðgjöf var fyrst lögfest í grunnskólalögum nr. 49/1991. Við endurskoðun grunnskólalaga árið 1995 var lögð áhersla á heildæna sýn á nemandann innan skólans og að samræma vinnulag skóla og annarra stofnana sem koma að stuðningi við nemendur, meðal annars félagsþjónustu og heilsugæslu. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að tryggja að skólaþjónusta sé veitt í grunnskólum, þrátt fyrir það hefur áherslan verið á sérfræðiþjónustu utan skóla. Skólastjórnendur benda hins vegar

<sup>1</sup> Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar (2017). Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara (skýrsla starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara). Reykjavík: höfundur.

<sup>2</sup> Ella Kristín Karlsdóttir, Guðrún H. Sederholm, Sigrún Júlíusdóttir & Valgerður Halldórsdóttir (2005). Félagsráðgjöf – hluti af faglegri þjónustu á öllum skólastigum: Greinargerð um þróun skólafélagsráðgjafar á Íslandi. Óbirt skýrsla.

á að það vanti sérfræðinga inn í skóla til að fást við vandamál nemenda, s.s. sálfræðinga og félagsráðgjafa<sup>3</sup>.

Til að tryggja jöfn tækifæri allra til náms þarf að bæta faglega þjónustu við nemendur á öllum skólastigum, liður í því er að tryggja aðgang að félagsráðgjöf. Þar má sérstaklega nefna þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu s.s. vegna námsörðugleika og jaðarstöðu í félagahópnum sem tengist fátækt og einelti, menningarmun eða vegna áfalla í fjölskyldu, svo sem skilnaðar og andláts. Þannig verði félagslegum og persónulegum vanda nemenda sinnt á markvissari hátt í gegnum kerfasamstarf við aðrar velferðarstofnanir um leið og unnið er að forvörnum. Aukið fagafl innan skóla myndi auk þess léttu álagi á kennurum og gera þeim kleift að einbeita sér að kennslu. Með auknum fagstyrk innan skóla er jafnframt komist nær því að tryggja þau mannréttindasjónarmið að allir fái jöfn tækifæri til náms.

Ályktunum af niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförunum árum ber saman um mikilvægi þess að endurskoða þurfi faglegt umhverfi skólans, hlutverk kennarans og breyttar fjölskylduáðstæður skólabarna með hliðsjón af gjörbreyttu samfélagi síðsamantímans. Nokkrar fagstéttir hafa komið til liðs við hefðbundið starfslið skólans á síðustu árum. Það er þó ekki í þeim mæli sem þörf er á og stenst ekki samanburð við nágrannalönd okkar. Án aðkomu fleiri fagstétta innan skóla má ætla að álag á kennara verði óbreytt um leið og starfsþreyta, brotthvarf frá starfi og mönnunarskortur eykst. Það leysir ekki vandan að vísa málum til félagsþjónustu og barnaverndar, heldur þurfa að vera starfandi innan skólans fagaðilar, meðal annars skólafélagsráðgjafar, sem eiga lipurt samstarf við önnur kerfi velferðarsamfélagsins, hafa þekkingu á löggjöf og leiðum til að koma málum í viðeigandi farveg og fylgja þeim eftir í samráði og tengslum við foreldra, kennara og skólastjórnendur. Slíkt samstarf og mótun nýrra lausna er líklegt til að efla námsgetu og stuðla að raunverulegri velferð og vellíðan skólabarnsins. Jafnframt dregur það úr álagi á kennara og brotthvarfi nemenda úr námi.

Á grundvelli þeirrar vitneskju sem fengist hefur á sviði rannsókna sýna niðurstöður að aukið fagafl innan skóla ásamt kerfasamstarfi kringum barn í vanda og fjölskyldu þess sé forsenda þess að draga úr álagi á kennara og efla fjölfaglegt samstarf innan skóla sem gerir skólafólki kleift að efla námsumhverfið og sinna velferð og vellíðan hvers skólabarns. Félagráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllt,  
fyrir hönd Félagráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,  
formaður

---

<sup>3</sup> Sjá t.d. skýrslu Innri endurskoðn Reykjavíkur. (2019). Grunnskólar Reykjavíkur. Úthlutun fjárhagsramma og rekstur. Sótt 28.1.2019 af [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/ie18050002\\_-\\_grunnskolar\\_reykjavikur\\_uthlutun\\_fjarhagsramma\\_og\\_rekstur.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/ie18050002_-_grunnskolar_reykjavikur_uthlutun_fjarhagsramma_og_rekstur.pdf)



Kópavogur

7. apríl 2021

**Viðtakandi:** Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

**Sendandi:** Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, framkvæmdastýra Hjallastefnunnar

**Efni: Umsögn Hjallastefnunnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu, 489. mál**

Hjallastefnan fagnar þingsályktunartillögunni enda styður hún við grunngildi Hjallastefnunnar um jafnrétti kynjanna og þá grundvallar hugmyndafræði sem unnið er eftir í leik- og grunnskólum hennar gagnert til að stuðla að jafnri stöðu drengja og stúlkna. Við bendum á mikilvægi þess að haft verði samráð við sjálfstætt starfandi skóla sem margir hverjir hafa ákveðna sérstöðu í sinni stefnu og starfsháttum sem hægt væri að líta til við að finna leiðir til að ekki einvörðu styrkja stöðu drengja heldur stuðla almennt að jafnri stöðu kynjanna í skólakerfinu.

Í Hjallastefnuskólum er markvisst einblínt á ólíkar þarfir og þroska stúlkna og drengja og starfið skipulagt með það að markmiði að þjálfa bæði kynin í sammenskum eiginleikum. Í Hjallastefnuskólum er unnið út frá kynjanámskrá og markvisst unnið að því að gefa hvoru kyninu viðeigandi auka styrkingu til að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni. Með jafnréttisáherslum er stuðlað að því að bæði börn og starfsfólk vinni með styrkleika sína og persónulegan þroska. Styrkleikaþjálfun nær bæði til ólíkra færni kynjanna í einstaklings- sem og félagsfærni.

Hjallastefnan er ákaflega stolt af árangri sinna nemenda og þeim jöfnuði sem þar kemur fram þegar árangur stúlkna og drengja er skoðaður í t.d. lesfimi, Skólapúlsinum og samræmdum prófum og stuðst er við samanburðarhæf gögn innan sveitarfélaga, á landsvísu og milli árganga og kynja. Hjallastefnan myndi því með gleði leggja þessu mikilvæga málefni lið verði eftir því leitað til að tryggja jafna færni kynjanna og jöfn tækifæri þeirra til frekara náms.

Virðingarfyllt,

f.h. Hjallastefnunnar

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir



Landssamtökin

**Proskahjálp**

*Mannréttindi fyrir alla!*

## **Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu, 489 mál.**

Landssamtökin Proskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og ungmenni og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum. Um 20 félög eiga aðild að samtökunum með um 6 þúsund félagsmenn.

Samtökin þakka fyrir að fá tillöguna til umsagnar og taka undir þau sjónarmið og áherslur sem fram koma í henni. Landssamtökin Proskahjálp lýsa sig reiðubúin til samstarfs og ráðgjafar við gerð aðgerðaáætlunarinnar verði þingsályktunartillagan samþykkt.

Anna Lára Steindal, verkefnisstjóri í málefnum barna og ungmenna.



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

**Efni:** Umsögn Menntakerfisins okkar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu, 481. Mál.

Við hjá Menntakerfinu okkar fengum umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu. Menntakerfið okkar trúir því að til þess að bæta stöðu drengja þarf menntakerfið að stuðla að áhugaverðu námsefni og sjálfsstyrkingu hjá nemendum sínum.

#### **Að finna litla drenginn:**

Mat Menntakerfisins okkar er að það þurfi að mæta hverjum einstaklingi á þeirra eigin forsendum, óháð kyni, til að byggja undir sjálfstraust þeirra og kosti. Til að bæta stöðu drengja í menntakerfinu þarf fyrst og fremst að þekkja drengi. Oft á tíðum sýna drengir það að þeim sé alveg sama, tilfinningaleysi eða jafnvel hörku en það er yfirleitt til þess að verja sjálfan sig, því innra með þeim er bara lítill drengur og það þarf að nálgast hann af virðingu. Þessi harka og tilfinningaleysi er bara vörn við vanlíðan. Þegar kennari nálgast þá búast þeir oft við fyrirlitningu, en þegar sá einstaklingur nálgast þá blíðlega og með skilning, opnast þeir hægt og rólega og í kjölfarið bæta þeir sig í námi hjá viðkomandi kennara.

Þegar drengir upplifa námsörðugleika kunna þeir gjarnan ekki að takast á við tilfinningar sem því fylgja, þeir stimpla sig vitlaus og að þeir geta einfaldlega ekki lært. Þegar þessar tilfinningar eru komnar á flug birtist það gjarnan í agaleysi og truflun í kennslutímum, sem fylgir þeim oft í gegnum alla þeirra skólagöngu. Því er mikilvægt að leita strax í rót vandans og takast á við vandann strax svo drengir verða einfaldlega ekki stimplaðir óþekkir og agalausir þar sem oft á tíðum er þetta óöryggi og vanmáttur tengt náminu. Byggjum upp unga fólkið sem sjálfstæða einstaklinga sem hafa rödd. Hvetjum þau til að nýta rödd sína og hlustum á það sem þau eru að segja okkur.

#### **Að gera námsefnið áhugavert:**

Námið þarf að vera uppbyggt á þann hátt að það skilji eftir sig þekkingu til framtíðar en ekki eingöngu þekkingu rétt fyrir próf. Það gagnast lítið að læra námsefni eins og minnispunkta sem krefst ekki beitingar á rökhusun sem vekur ekki upp skilning nemenda á námsefninu. Ef nemendur skilja ekki tilgang námsefnisins eða hvernig það gæti nýst þeim, vekur það ekki upp áhuga – því væri gott að setja upp námsefni í raundæmi. Spurningin „Hvernig á að vekja áhuga drengja í námi?“ er einfaldari en margir halda, hægt væri að setja námsefni upp á áhugaverðan hátt, t.d. að færa námsefni frá bókum yfir í tölvur,

að vekja áhuga með því að færa það yfir í skemmtilegra form sem vekur áhuga eins og dæmi má nefna í tölvuleikja form.


Hægt væri einnig að vinna námsefni í samráði við grunnskólakrakka til þess að sjá til þess að það sé áhugavert, þegar það er verið að búa til nýtt námsefni þarf að líta langt til framtíðar. Við skorum á Menntamálastofnun að vinna námsefni í samráði við grunnskóla krakka sem hafa áhuga á málstaðnum.

### **Að grípa inn í strax:**

Mikilvægt er að greina námsörðugleika sem fyrst og takast á við þá strax með virðingu gagnvart barninu svo það upplifi sig ekki vitlaust eða heimskt og fari að trúa því að það nái aldrei tókum á náminu. Það er mikilvægt að stytta þann tíma sem greiningar taka svo barnið og foreldrar þess séu ekki látnir vera í lausu lofti og biðstöðu á meðan. Á þessum tíma getur barnið mótast á þann hátt að það einfaldlega passar ekki inn í menntakerfið og nái aldrei tókum á náminu.

Ef ekki er gripið inn í strax er barnið sífellt á eftir jafningjum sínum og vinna sig upp á þeirra stig sem getur tekið á tilfinningar barnsins. Því er mikilvægt að vera með tilbúin með viðeigandi ráðstafanir þegar greining liggur fyrir og grípa þessi börn sem fyrst, dæma þau ekki og stimpla heldur mæta þeim með virðingu og skilning.

Félagið þakkar fyrir að fá tillöguna til umsagnar. Menntakerfið okkar lýsa sig tilbúinn til samstarfs og ráðgjafar við gerð aðgerðaráættlunar verði þingsályktunartillagan samþykkt.



Alexander Ívar Logason

Formaður Menntakerfisins okkar



Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2021

**Efni: umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu, þingskjal 820-489.mál.**

ÖBÍ er sammála því að skoða þurfi alvarlega stöðu drengja í skólakerfinu út frá mörgum hliðum og finna orsakir þess að drengjum líður sífellt verr í skólakerfinu. Full ástæða er þó til þess að rýna einnig í stöðu stúlkna og leggur ÖBÍ það til að það verði gert samhliða þessari vinnu. **ÖBÍ styður þingsályktunartillöguna og vonast til þess að hún verði samþykkt og afraksturinn verði fjármögnuð aðgerðaráætlun sem fela í sér lausnir sem tryggja vellíðan og menntun allra barna.**



**Þingsályktunartillagan styður við heimsmarkmið 4, menntun fyrir alla.**

ÖBÍ er heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi og samanstendur af 42 aðildarfélagum sem öll eru hagsmunasamtök ólíkra fötlunarhópa og er samanlagður félagafjöldi þeirra 30.000 manns.

**ÖBÍ gerir alvarlegar athugasemdir við það að fá hvorki umsagnarbeiðni um þingsályktunartillöguna né vera talin upp ásamt þeim aðilum sem samráð á að hafa við varðandi vinnu við aðgerðaráætlunina.**

Rétt er að minna á að stjórnvöldum er skylt að hafa virkt samráð við heildarsamtök fatlaðs fólks um ákvarðanir sem varða hagsmuni þess, samkvæmt ákvæðum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), enda segir í 3. mgr. 4. gr., „*aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmda og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náð samráð og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd\**“.

*Ekkert um okkar, án okkar!*

Þuríður Harpa Sigurðardóttir  
formaður ÖBÍ

Þórdís Viborg  
verkefnastjóri hjá ÖBÍ